

Nauðsynlegt er að það sé kafli sem fjallar um börn með skilgreindar þarfir

Í augnablikinu geta aðeins fjölskyldur sem eru opnar fyrir því að ættleiða barn/börn með skilgreindar sent umsókn til Kólumbíu. Það er því mjög mikilvægt að í umsögn félagsráðgjafa sé kafli sem fjallar um þetta. Mikilvægt er að félagsráðgjafi ræði þetta við umsækjendur, og það þarf að koma fram að umsækjendur séu tilbúin í þetta hlutverk og hafi stuðning og aðstoð frá samfélaginu og nánasta neti.

- Gagnsæi og undirbúningur umsækjenda varðandi það að taka á móti barni með skilgreindar þarfir. Að hvaða leyti eru umsækjendur vel undirbúnir. Metur félagsráðgjafi það þannig að umsækjendur séu vel undirbúnir til að taka á móti barni með skilgreindar þarfir? Undirbúningur getur t.d. verið reynsla með börnum, lestur bókmennta um málefnið, fagleg ráðgjöf og samtöl við fjölskyldur sem hafa ættleitt eða annað. Ef umsækjendur eiga börn og hafa því reynslu af því að vera foreldri/foreldrar ætti að nefna það einnig hér.
- Telja upp þær skilgreindar þarfir sem umsækjendur eru tilbúnir í og hvernig umsækjendur muni koma til með að mæta þeim – listinn.
- Lýsa faglegum stuðning sem umsækjendur geta stuðst við í sínu nærumhverfi, t.d. spítali, heilbrigðisþjónusta, félagsþjónusta og annað. Gott að taka fram ef t.d. spítalinn er nálægt heimili umsækjenda.
- Mikilvægt er að það komi fram að umsækjendur séu tilbúnir að taka á móti barni óháð kyni, kynþætti og útliti.
- Lýsa almennum stuðning á Íslandi, svo sem fæðingarorlof, veikindaréttur, aðgangur að skóla, leikskóla, heilbrigðisþjónustu, tannlæknaþjónustu.
- Lýsa í smáatriðum félagslegu neti umsækjenda. Nefna þá einstaklinga sem umsækjendur geta fengið stuðning frá, bæði faglegan og eða tilfinningalegan stuðning og hver tengsl þessara einstaklinga eru við umsækjendur. Lýsa því hvort þessir einstaklingar eiga heima í nálægð við umsækjendur eða ekki. Ef foreldrar umsækjenda eru til staðar er gott að nefna hvort þau búi nálægt umsækjendum, hvort þau séu komin á eftirlaun og geti jafnvel varið meiri tíma með umsækjendum og barninu.
- Ef þessir einstaklingar í félagsneti umsækjenda hafi e-a faglega þekkingu sem er góður kostur þegar kemur að ættleiðingu ætti að nefna það einnig (t.d. ef einstaklingurinn er læknir, sálfræðingur, kennari)